**ÁÁH-2018-04 - Kjötvinnsla**

Verkefnið miðar að því að þróa kjötafurðir úr Árneshreppi og markaðssetja það undir sameiginlegu vörumerki hreppsins. Sótt er um styrk vegna tækjakaupa og hönnunarvinnu.

Verkefnið fellur mjög vel að markmiðum íbúaþings og mikil samstaða er í samfélaginu um þetta verkefni. Hönnunarvinnan í upphafi skiptir mjög miklu máli svo verkefnið nái að aðgreina sig frá öðrum kjötframleiðendum. Umsækjanda er bent á að kostnaður við hönnun gæti verið vanmetinn og því hvatt til að leita annarra styrkja einnig.

Verkefninu var úthlutað 1.100.000 kr. árið 2018.

Upplýsingum úr framvindu- og lokaskýrslum verkefnisins verður bætt hér við eftir því sem verkefninu vindur fram.



*1: Myndin tengist verkefninu ekki beint*